

FMS 2019-20
ISBN 978-9935-9317-6-4
ISSN 2547-8060



FERÐA
MÁLA
STOFA
ICELANDIC
TOURIST
BOARD 

FERÐAMÁLARANNSÓKNIR

TOURISM RESEARCH IN ICELAND

ÁGÚST 2019

Erlendir ferðamenn á Húsavík sumarið 2018
Niðurstöður ferðavenjukönnunar

Lilja B. Rögnvaldsdóttir



HÁSKÓLI ÍSLANDS



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

© Ferðamálastofa 2019

Útgefandi: Ferðamálastofa - Geirsgötu 9, 101 Reykjavík / Hafnarstræti 91, 600 Akureyri
Netfang: upplýsingar@ferdamalastofa.is
Veffang: www.ferdamalastofa.is

Titill: Erlendir ferðamenn á Húsavík sumarið 2018 - Niðurstöður ferðavenjukönnunar
Höfundur: Lilja B. Rögnvaldsdóttir

Umsjón með gagnaöflun: Vera Vilhjálmsdóttir
Umbrot og teikningar: Blek hönnunarstofa - blekhonnun.is
Kápa: Porthönnun

Númer: FMS 2019-20
ISBN: 978-9935-9317-6-4
ISSN: 2547-8060

Öll réttindi áskilin. Skýrsluna má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Erlendir ferðamenn á Húsavík sumarið 2018

NIÐURSTÖÐUR FERÐAVENJUKÖNNUNAR

Í þessari skýrslu er greint frá helstu niðurstöðum könnunar sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna á Húsavík sumarið 2018.

Um er að ræða verkefni sem tilheyrir reglulegri gagnasöfnun hins opinbera á ýmsum þáttum ferðaþjónustu og ferðamennsku á Íslandi en könnunin var unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála og Rannsóknasetri Háskóla Íslands fyrir Ferðamálastofu. Könnunin fór fram sumarið 2018 á átta áfangastöðum landsins, Reykjavík, Reykjanesbæ, Vík, Stykkishólmi, Ísafirði, Hvammstanga, Húsavík og Egilsstaðir.

Í skýrslunni er lögð áhersla á greiningu ýmissa einkennandi þátta ferðamanna á rannsóknarsvæðunum s.s. búsetuland, ferðamáta, gistimáta, afþreyingu og dvalarlengd auk þess sem ástæða heimsóknar og útgjaldamynstur ferðamannanna var skoðað sem og ánægja þeirra með heimsókn á svæðið. Framkvæmd könnunarinnar á Húsavík var unnin í samstarfi við þekkingarnet Þingeyinga.



EFNISYFIRLIT

Aðferð	2
Búsetuland ferðamanna	3
Fjöldi ferðamanna	4
Ferðafélagar	5
Gisting	6
Gistimáti	7
Dvalarstaður ferðamanna, fyrir og eftir heimsókn til Húsavíkur	8
Ástæða heimsóknar	9
Tímasetning ákvörðunar um heimsókn	10
Upplýsingar	11
Ferðamáti	12
Dvalarlengd	13
Afþreying og þjónusta	14
Ánægja	15
Hápunktur heimsóknar	16
Meðmælaskor	17
Ástæða meðmæla	18
Hvað þarf að bæta?	19
Meðalútgjöld á sólarhring	20
Samantekt	21
Heimildir	22

Spurningakönnunin sem er grundvöllur þessarar rannsóknar einskorðast við erlenda ferðamenn á Húsavík sumarið 2018. Flestar spurninganna sem lagðar voru fyrir viðmælendur voru lokaðar þar sem svarendur merktu við þann svarmöguleika sem átti best við í þeirra tilfalli. Spurningar sem snéru að ástæðu heimsóknar, meðmælum, hápunkti ferðar og útgjöldum voru opnar. Könnunin á Húsavík hefur verið framkvæmd árlega frá sumrinu 2013. Sumrin 2013-2016 var um að ræða pappírskönnun á ensku, þýsku og frönsku en sumrin 2017 og 2018 var könnunin einnig á spænsku. Framkvæmd könnunarinnar var jafnframt með rafrænum hætti þau sumur þar sem þátttakendur svöruðu spurningunum á nettengdum spjaldtölvum. Könnunin var hýst hjá MMR sem sá um frumgreiningu gagna.

Ferðamenn voru spurðir út í heimsókn sína til staðarins og ferðahegðun meðan á dvöl þeirra á Húsavík stóð. Sérstaklega var spurt um útgjöld þeirra en þar var átt við þá upphæð sem eytt var í neysluvörur og þjónustu sem og annað til eigin nota eða gjafa í sólarhring meðan á dvöl stóð. Það fól í sér útgjöld ferðamanna sem greidd voru af þeim sjálfum eða af öðrum fyrir þeirra hönd. Stuðst var við reglur þjóðhagsreikninga um einkaneyslu þar sem miðað er við að neyslan eigi sér stað við afhendingu þjónustu eða við eigendaskipti vöru hvort sem peningaleg greiðsla á sér stað um leið eða ekki.* Útgjöld vegna gistipjónustu voru því metin þann sólarhring sem dvalið var á gististaðnum, vegna ferða þann sólarhring sem ferðin átti sér stað o.s.frv.

Búsetuland ferðamanna er ein af bakgrunnsbreytum könnunarinnar. Á nokkrum stöðum í skýrslunni er vísað í Þjóðverja, Bandaríkjamenn

o.s.frv. þar sem niðurstöðurnar eru greindar eftir bakgrunnsbreytum. Er það gert til einföldunar en þar sem það á við er átt við ferðamenn með búsetu í Þýskalandi, Bandaríkjunum o.s.frv.


Könnunin stóð yfir tímabilið 10. júlí til 27. ágúst og var framkvæmd frá kl. 9 til kl. 19. Í þrjá daga var fyrirlögn hennar samfelld frá morgni til kvölds og í þrjátíu daga fór hún fram hluta úr degi. Lögð var áhersla á að dreifa gagnasöfnun jafnt yfir daginn og yfir vikuna. Spyrnlarnir voru staðsettir á „Skansinum“ ofan Hafnarstéttar og neðan Gardarsbrautar. Þeir óskuðu eftir þátttöku allra erlendra ferðamanna sem urðu á vegi þeirra. Alls voru 566 erlendir ferðamenn beðnir um að taka þátt í könnuninni. Af þeim samþykktu 419 þátttöku, eða 74% aðspurðra. Endanlegur fjöldi svara var yfir lágmarksstærð úrtaks miðað við 95% öryggismörk og +5% úrtaksskekku. Meðalaldur svarenda var 42 ár, hlutfall kvenna var 47% og karla 53%. Um var að ræða úrtakskönnun og niðurstöðurnar ber að túlka sem vísbendingu um ákveðið ástand en forðast alhæfingar út frá þeim. Framkvæmd könnunarinnar var háð því að gestir staðarins færu fótgangandi um rannsóknarsvæðið á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Með því var útilokuð þátttaka þeirra sem komu til staðarins eftir kl. 19 á kvöldin og fóru þaðan fyrir kl. 9 um morguninn sem og þeirra sem fóru ekki fótgangandi um hið skilgreinda rannsóknarsvæði á meðan framkvæmd spurningakönnunarinnar stóð.

Við úrvinnslu gagnanna var notast jafnt við SPSS og Excel. Við útreikninga á útgjöldum ferðamanna í erlendum gjaldmiðlum var notast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 15. júlí 2018. Útgjöld fyrri ára eru á verðlagi hvers árs.

*(United Nations, 2010a, 2010b).

Hvert er búsetuland þitt?

Flestir þeirra ferðamanna sem heimsóttu Húsavík sumarið 2018 voru búsettir í Þýskalandi líkt og undanfarin sumur. Hlutfall þeirra hefur haldist nokkuð stöðugt á meðan hlutfall Frakka hefur farið lækkandi og Spánverja hækkandi. Ferðamönnum frá Bandaríkjunum hefur jafnframt fjölgað nokkuð en hlutfall þeirra er þó töluvert lægra en á landsvísu.*




*(Ferðamálastofa, e.d.).

Myndin sýnir búsetuland erlendra ferðamanna á Húsavík sumrin 2014-2018 og þjóðerni erlendra farþega um Keflavíkurflugvöll þá mánuði sem könnunin var framkvæmd á Húsavík sumarið 2018.

Fjöldi ferðamanna á Húsavík 2018

Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna á Húsavík árið 2018 var 317 þúsund sem er nokkur fækkun frá fyrra ári þegar hann var 346 þúsund*. Ekki er ljóst út frá niðurstöðum könnunarinnar hvað veldur fækkuninni en mögulega gæti aukið framboð hvalaskoðunar á öðrum stöðum á Norðurlandi haft þar einhver áhrif.

Talsverðrar árstíðasveiflu gætir á svæðinu þar sem flestir (58%) komu yfir sumarmánuðina þrjá. Frá maí til september var hlutfallið 83%.




*[Ferðamálastofa, e.d.; Mælaborð ferðaþjónustunnar, e.d.b.].

Fjöldi ferðamanna er áætlaður út frá mánaðarlegu hlutfalli þeirra sem heimsóttu Húsavík skv. Mælaborði ferðaþjónustunnar árið 2018 og fjöldatölum erlendra brottfararfarþega um Keflavíkurflugvöll á sama tíma. Fjöldatölur 2005-2017: [Rögnvaldur Guðmundsson, 2015; Ferðamálastofa, 2014a, 2014b, 2017].

Með hverjum ferðaðist þú?


Langflestir ferðamanna voru á ferð með fjölskyldu eða vinum (89%). Um 2% þeirra voru í hópferð og 6% ferðuðust einir. Litlar breytingar hafa orðið á samsetningu ferðafélaga erlendra ferðamanna á Húsavík á tímabilinu 2013-2018. Hlutfall þeirra sem ferðuðust með fjölskyldu og vinum hefur mælst á bilinu 84-89%, hlutfall ferðamanna í skipulagðri hópferð 2-9%, þeirra sem ferðuðust einir 4-7% og þeirra sem ferðuðust með vinnufélögum á bilinu 0,5-2%. Í um 24% tilvika voru börn með í för sem er svipað hlutfall og sumarið áður þegar það var 25%.



Dvaldir þú á Húsavík síðustu nótt eða munt þú dvelja þar í nótt?

Sumarið 2018 var hlutfall þeirra erlendu ferðamanna sem dvöldu yfir nótt á Húsavík 39% sem er hækkun frá fyrra ári. Er það viðsnúningur frá þróun fyrri ára þar sem hlutfall næturgesta hafði lækkað stöðugt frá sumrinu 2013. Ekki er ljóst út frá niðurstöðum könnunarinnar hvað olli þessari hækkun en meðal þess sem kemur til greina er að heldur færri erlendir ferðamenn heimsóttu Húsavík sumarið 2018 en sumarið áður og því voru minni líkur á uppbókunum.* Ekki virtist vera afgerandi ástæða meðal dagsgesta fyrir því að gista ekki á staðnum þar sem 84% sögðust einfaldlega hafa valið að gista annars staðar án þess að skýra það frekar. Um 10% kenndu tímaleysi um og 3% nefndu uppbókun gistirýmis.


Líkt og sumarið áður var hlutfall næturgesta hærra hjá Frökkum (49%) og Þjóðverjum (40%) en Bandaríkjamönnum (33%). Um 40% ferðamanna frá Spáni dvöldu yfir nótt.



*Sjá bls. 4.

Hvaða gistaðstöðu nýttir þú þér eða hyggst þú nýta þér á Húsavík?

Vægi hótulgistingar á Húsavík hefur aukist töluvert undanfarin ár enda hefur framboð hennar aukist í bænum. Sumarið 2013 dvöldu 9% næturgesta á hótelum en sama hlutfall var orðið 27% sumarið 2018. Á sama tíma lækkaði hlutfall gistiheimila úr 23% í 13% og tjaldsvæða úr 53% í 30%. Annar gistimáti telst m.a. sumarhús, gisting hjá vinum og ættingjum og gisting í bifreiðum eða tjaldi utan tjaldsvæðis. Á landsvísu var hlutfall gistingar á hótelum og gistiheimilum alls 44%. Hlutfall tjaldsvæða var 13% sem er töluvert lægra en á Húsavík og hlutfall einkagistingar hærra eða um 16%*




*[Mælaborð ferðapjónustunnar, e.d.a.]

Íbúðahótel eru talin með hótelum og gistiheimilum hér.

**Ekki var spurt sérstaklega um farfuglaheimili og einkagistingu á Húsavík sumrin 2013 og 2014.

Hvar dvaldir þú nóttina áður en þú komst til Húsavíkur?




Langflestir höfðu dvalið á Norðurlandi eystra nóttina fyrir heimsókn (68%).* Um 27% ferðamanna höfðu gist í Mývatnssveit og sama hlutfall á Akureyri. Um 15% gistu á Austurlandi þar sem flestir (8%) höfðu verið á Egilsstöðum.

Á lokinni heimsókn á Húsavík ætluðu 66% ferðamanna að gista næstu nótt á Norðurlandi eystra. Um 31% sögðust ætla að gista á Akureyri og 21% í Mývatnssveit. Alls sögðust 10% ætla að dvelja á Norðurlandi vestra, 11% á Austurlandi og 8% áformuðu að gista næstu nótt í höfuðborginni.

*Punktur á korti tákna hlutfall þeirra sem gistu í hverjum landshluta.

Hvar ætlar þú að dvelja fyrstu nóttina eftir að þú ferð frá Húsavík?




Af þeim sem höfðu gist í Mývatnssveit nóttina fyrir heimsókn sögðust 26% ætla að gista þar nóttina eftir heimsókn aftur en 40% þeirra nefndu Akureyri sem næsta næturstað. Af þeim sem sögðust hins vegar hafa gist á Akureyri nóttina fyrir heimsókn sögðust 37% ætla að gista þar aftur að heimsókn lokinni en einungis 20% í Mývatnssveit. Algengara virtist því að ferðamenn skryppu í dagsferðir frá Akureyri til Húsavíkur en héldu ferð sinni áfram til vesturs, hefðu þeir gist í Mývatnssveit.

Vinsamlegast tilgreindu ástæðu þess að Húsavík varð fyrir valinu sem áfangastaður

Afgerandi meirihluti ferðamanna (79%) heimsótti Húsavík vegna hvala eða hvalaskoðunar. Í 9% tilvika var ástæða heimsóknar sögð vera fyrirfram skipulögð ferð sem jafnvel var partur af hringferð eða hópferð og því ekki gefin frekari ástæða fyrir heimsókninni.

Alls sögðust 4% ferðamanna hafa komið vegna náttúrunnar eða fegurðar staðarins og 3% ferðamanna komu til að skoða söfn. Aðrar ástæður heimsóknar voru m.a. meðmæli, höfnin, veitingar og fuglalíf.*


Niðurstöðurnar voru nokkuð svipaðar og fyrri sumur. Ekki var spurt um ástæðu heimsóknar sumarið 2013.



*Spurningin var opin og svarendur skrifuðu ástæðu sem niðurstöðurnar eru greindar út frá. Í einhverjum tilvikum nefndu menn fleiri en eina ástæðu og því eru fleiri svör en svarendur.

Hvenær tókst þú ákvörðun um að heimsækja Húsavík?

Ferðamenn á Húsavík virtust almennt hafa ákveðið að heimsækja staðinn áður en þeir komu til Íslands eða alls í um 77% tilvika. Um 13% tóku ákvörðun eftir að þeir komu til landsins og 8% sögðu að ekki væri um sérstaka ákvörðun að ræða þar sem heimsóknin væri einungis hluti af lengri ferð. Um 3% svarenda sögðu að heimsóknin til Húsavíkur væri meginástæða Íslandsferðarinnar. Í ljósi þess að fleiri taka nú ákvörðun um að heimsækja staðinn áður en til landsins er komið og færri virðast einungis ætla að keyra í gegnum um hann má ætla að Húsavík sé að verða sterkari ferðamannasegull þó breytingarnar séu ekki stórvægilegar á milli ára.*




*Nokkrir aðspurðra nefndu fleiri en einn valmöguleika svo fjöldi svara er fleiri en svarenda

Hvar fékkstu upplýsingar um áfangastaðinn Húsavík?


Algengustu upplýsingaveitur ferðamanna um Húsavík voru vefsíður, ferðahandbækur og bæklingar. Niðurstöðurnar voru nokkuð svipaðar á milli ára. Rúmur helmingur ferðamanna leitaði upplýsinga á vefsíðum og rétt tæpur helmingur í ferðabókum og bæklingum. Heldur færri fengu upplýsingar frá ferðaskrifstofum, vinum og ættingjum, upplýsingamiðstöðvum og öðrum miðlum.

Algengara var að Bandaríkjamenn leituðu upplýsinga á vefsíðum og samfélagsmiðlum en Frakkar og Þjóðverjar. Því var öfugt farið með ferðahandbækur og bæklinga sem voru vinsælli meðal Frakka og Þjóðverja.



Hvernig ferðaðist þú til Húsavíkur?


Líkt og fyrri sumur ferðuðust flestir til Húsavíkur með bílaleigubílum eða um 77% ferðamanna. Um 6% voru í hópferð og 7% notuðu einkabíla. Hlutfall áætlunarbifreiða (s.s. Strætó) hefur lækkað nokkuð, eða úr 11% í 2% og hlutfall einkabíla hefur verið á bilinu 6% til 9%. Hlutfall ferðamanna sem voru í hópferð var nokkuð svipað (6%-7%) á tímabilinu sem og hlutfall bílaleigubíla sem var á bilinu 64% til 77%. Annar ferðamáti telst t.d. skemmtiferðaskip, flug, reiðhjól, puttaferðalag og bátar. Ferðamenn í tveimur efstu aldursflokkunum voru líklegri en aðrir til að ferðast með hópferðabíl.



Hversu lengi telur þú að dvöl þín á Húsavík muni vara?


Meðaldvalarlengd erlendra ferðamanna á Húsavík var um 21 klst. sem er nokkuð lengri dvöl en sumarið áður þegar hún var um 15 klst. Er það m.a. vegna þess að hlutfall þeirra sem dvöldu yfir nótt hækkaði úr 28% í 39% milli ára. Flestir dvöldu á staðnum í 3-6 klst. eða um 30% ferðamanna. Færri dvöldu í 6-12 klst en sumarið áður en fleiri í 12-24 klst. og 24-48 klst. Meðaldvalarlengd dagsgesta var 6,7 klst. og næturgesta 1,8 dagar (44 klst.). Er þetta í fyrsta sinn frá sumrinu 2013 sem dvalarlengd ferðamanna lengist á milli ára sem eru jákvæðar niðurstöður fyrir húsvíska ferðapjónustu.

Frakkar dvöldu að jafnaði í 31 klst. á staðnum sem er nokkuð lengri tími en hjá Þjóðverjum og Bandaríkjamönnum sem voru í rúmar 20 klst.





Hvaða þjónustu / afþreyingu hyggst þú nýta þér á Húsavík?

Á Húsavík er hvalaskoðun langtum vinsælasta afþreying ferðamanna. Alls áformuðu um 68% ferðamanna að fara í hvalaskoðun sem er nokkuð svipað hlutfall og undanfarin fimm ár. Gera má þó ráð fyrir að hlutföllin séu nokkuð hærri í könnuninni en í raunveruleikanum þar sem spurt var hvaða afþreyingu svarendur hygðust nýta sér óháð því hvort það gengi eftir eða ekki. Talsverð fækkun var meðal þeirra sem áformuðu að skoða söfn en fleiri ætluðu í gönguferð.



Hversu ánægð/ur ert þú með heimsókn þína til Húsavíkur?


Almennt voru ferðamenn mjög ánægðir (67%) eða ánægðir (31%) með dvöl sína á Húsavík. Rúm 2% sögðust hvorki vera ánægðir né óánægðir og enginn var óánægður. Eru það nánast alveg sömu niðurstöður og sumarið áður en fyrir þann tíma var ánægjustig ferðamanna heldur lægra. Á skalanum 1-5 var ánægjustig ferðamanna sumrin 2017 og 2018 alls 4,6 sem er hækkun úr 4,2 frá sumrinu 2016.*
Bandaríkjamenn voru líkt og fyrri sumur ánægðastir og mældust með 4,8. Frakkar, Þjóðverjar, Ítalir og Spánverjar voru allir með ánægjustig 4,6.



*„Mjög óánægðir“ fengu gildið 1 og „mjög ánægðir“ gildið 5

Hver var hápunktur heimsóknar þinnar til Húsavíkur?

Hvalir skipuðu stóran sess hjá ferðamönnum þegar þeir voru spurðir um hápunkt heimsóknarinnar. Alls sögðu 74% þeirra að hvalir eða hvalaskoðun hefði verið það sem helst stóð upp úr í heimsókninni. Er það í samræmi við aðrar spurningar könnunarinnar er snúa að ástæðu heimsóknar og meðmælum með Húsavík sem áfangastað. Um 6% ferðamanna nefndu fegurð staðar, landslag svæðisins og útsýni. Um 4% nefndu mat og veitingahús og sama hlutfall sagði að söfn staðarins væru hápunktur ferðarinnar. Ljóst er því að Skjálfandaflói og lífríki hans gegnir afar mikilvægu hlutverki í að laða erlenda ferðamenn til Húsavíkur.



Hversu líkleg(ur) ertu til að mæla með heimsókn til Húsavíkur?

Einn af þeim mælikvörðum sem notaður er til að meta árangur og frammistöðu íslenskrar ferðaþjónustu er s.k. meðmælaskor (Net Promoter Score - NPS). Um er að ræða alþjóðlegan mælikvarða á viðskiptatryggð sem segir m.a. til um hversu líklegt eða ólíklegt er að viðskiptavinir mæli með tiltekinni vöru, þjónustu eða fyrirtæki.* Í þessu tilfalli eru mældar líkur á því að ferðamenn mæli með tilteknum áfangastað. Meðmælaskor ferðamanna á Húsavík mældist +63 þar sem 67% ferðamanna sögðu líklegt að þeir myndu mæla með Húsavík sem áfangastað en 4% töldu það ólíklegt. Skorið getur verið á bilinu -100 til +100 og verður jákvætt þegar fleiri mæla með áfangastaðnum en á móti honum.*

Bandaríkjamenn voru líklegri en aðrir til að mæla með Húsavík sem áfangastað þar sem meðmælaskor þeirra mældist +74 til samanburðar við +65 hjá Spánverjum. Skorið var heldur lægra hjá Þjóðverjum þar sem það var +57 og +55 hjá Frökkum.


Það sem helst fékk ferðamenn til að mæla með staðnum voru hvalir og hvalaskoðun en 60% þeirra sem voru líklegir til meðmæla nefndu það sem helstu ástæðu. Um 34% nefndu fegurð staðar og 9% náttúru svæðisins.

Af þeim sem voru hlutlausir eða töldust ólíklegir til að mæla með staðnum sögðu 28% að auka þyrfti þjónustuframboð til ferðamanna í bænum til að þeir yrðu líklegri til meðmæla. Um 19% vildu lækka verð á vörum og þjónustu en 14% sögðu að engu þyrfti að breyta.

*[Reichheld, 2003].

Meðmælaskor fæst með því að draga hlutfall þeirra sem mæla ekki með Húsavík sem áfangastað ferðamanna frá hlutfalli þeirra sem mæla með staðnum. Um er að ræða skala á kvarðanum 0-10. Þeir sem velja 0-6 teljast ólíklegir til að mæla með áfangastaðnum. Þeir sem velja 7-8 eru skilgreindir sem hlutlausir. Þeir teljast vera nokkuð ánægðir með áfangastaðinn en þó ekki líklegir til að mæla með honum. Þeir sem hins vegar velja 9-10 teljast ánægðir og líklegir til að mæla með áfangastaðnum.

Mæli með
heimsókn
67%



Mæli ekki með
heimsókn
4%

Hlutlaus
30%

Vegna afþreyingarinnar sem er í boði hér
Lítill bær, auðvelt að ganga um og njóta þess sem í boði er
Hér eru góð veitinga- og kaffihús
Hér er ekki svo dýrt
Góður staður fyrir gönguferðir
Hér er gott fólk
Dæmigert og heillandi lítið þorp
Vegna náttúrufegurðarinnar og landslagsins á svæðinu
Rólegur staður og úr alfaraleið
Vegna flóans
Hér er allt frábært
Gott sjávarfang
Áhugaverður staður sem býður upp á margt
Fallegur bær
Kolefna hlutleysi
Almennt góður staður
Skemmtilegur og spennandi staður
Hér er frábært að vera í 2-3 daga en ekki lengur
Snyrtilegur og umhverfisvænn staður
Vegna hafnarinnar
Hér er gott andrúmsloft
Hér er gott skipulag og góðir innviðir
Helsti staðurinn til að stoppa á þegar Íslandsferðin er hálfnuð

Laga aðstöðuna á tjaldsvæðinu

Hér er ekkert annað hægt að gera en að skoða hvali

Fjölga söfnum bæjarins

Hér vantar heitar laugar og náttúruböð

Þjóða upp á betra kaffi

Auglýsa betur í enskum blöðum

Húsavík er of langt í burtu

Lækkið verðið

Bæta samgöngur

Hér þarf engu að breyta

Hér vantar fleiri bari

Útbúa nestisaðstöðu með regnskýli fyrir ferðamenn

Fá betra veður

Sjá fleiri hvali


Hafa veitingastaðina opna til miðnættis

Þjóða upp á meira næturlíf

Vinsamlegast áætlið sólarhringsútgjöld ykkar á Húsavík eftir útgjaldaliðum

Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring mældust 18.085 kr. sumarið 2018. Er það nokkur hækkun frá 2016 og 2017 þegar þau voru um 15 þúsund krónur.* Upphæðin reiknast á alla svarendur óháð því hvort þeir greiddu fyrir vörur og þjónustu eða ekki. Útgjöldin voru hæst í flokki afþreyingar en um 77% aðspurðra greiddi fyrir þann þjónustupátt meðan á dvöl þeirra stóð. Alls keyptu 66% ferðamanna veitingar, 32% menningartengda þjónustu og 39% greiddu fyrir gistingu á staðnum.

Meðalútgjöld ferðamanna frá Spáni voru hærri en þeirra sem komu frá Þýskalandi og Bandaríkjunum eða rúmar 24 þúsund krónur í samanburði við 18 þúsund krónur meðal ferðamanna frá Þýskalandi og Bandaríkjunum. Munaði þar mestu um veitingahús, matvöru og afþreyingu sem voru talsvert yfir meðallagi hjá Spánverjum.



*Útgjöldin miðast við miðgengi Seðlabanka Íslands 15. júlí ár hvert og útgjöld fyrri ára eru á verðlagi hvers árs.

Umsvif ferðaþjónustu á Húsavík eru töluverð enda hefur atvinnugreinin vaxið jafnt og þétt á svæðinu undanfarin ár. Ýmislegt bendir þó til þess að hægt hafi á þeim vexti sem endurspeglast í lítillægri fækkun ferðamanna til staðarins sem og farþega hvalaskoðunar á Húsavík frá fyrra ári. Á sama tíma og ferðamönnum til staðarins fækkaði, lengdist dvalartími þeirra og hlutfall þeirra sem gistu yfir nótt fækkaði sem eru jákvæðar niðurstöður fyrir ferðaþjónustuna. Meðalútgjöld ferðamanna á sólarhring jukust einnig úr 15 þúsund krónum sumrin 2016 og 2017 í 18 þúsund krónur sumarið 2018 sem getur talist eðlilegt þegar dvalartími ferðamanna á staðnum lengist. Útgjöldin voru hæst í flokki afþreyingar líkt og fyrri sumur um 7.900 kr. Meðalútgjöld vegna veitinga voru 2.700 kr. og gistingar 2.900 kr.

Undanfarin ár hefur hlutfall sumargesta frá Þýskalandi og Frakklandi mælst hærra á Húsavík en á landsvísi. Hlutfall Frakka hefur þó lækkað á meðan nokkur hækkun hefur átt sér stað meðal Spánverja og Bandaríkjamanna. Þó er hlutfall Bandaríkjamanna á landsvísi enn töluvert hærra en á Húsavík. Um 39% ferðamanna gistu yfir nótt á Húsavík sem er hækkun úr 28% frá fyrra ári. Vægi hótulgistingar á Húsavík hefur aukist töluvert undanfarin ár enda hefur framboð hennar aukist talsvert í bænum. Á sama tíma lækkaði hlutfall tjaldsvæða. Ferðamenn dvöldu að meðaltali í 21 klst. í bænum sem er lenging úr 15 klst. sumarið áður.

Aðdráttarafli hvala er mikið á Húsavík enda voru þeir meginástæða heimsóknar líkt og fyrri sumur. Hvalir og hvalaskoðun voru auk þess nefnd í flestum tilvika ferðamanna sem hápunktur heimsóknarinnar. Fegurð staðarins, veitingar, söfn og höfnin komust þar einnig á blað þó hlutfall þeirra væri töluvert lægra. Almenn ánægja var meðal ferðamanna staðarins með dvölinu. Á skalanum 1-5 mældist ánægjustigið 4,6 sem er

það sama og sumarið áður. Um 67% ferðamanna töldust líklegir til að mæla með Húsavík sem áfangastað, 30% voru hlutlausir og 4% hugðust ekki mæla með staðnum. Meðmælaskor staðarins (Net Promoter Score - NPS) mældist +63. Bandaríkjamenn voru líklegri en Þjóðverjar og Frakkar til að mæla með staðnum. Það sem helst hvatti ferðamenn til meðmæla voru hvalir og hvalaskoðun, fegurð staðarins og náttúra svæðisins. Af þeim sem voru hlutlausir eða töldust ólíklegir til að mæla með staðnum sögðu sögðu flestir að auka þyrfti þjónustuframboð til ferðamanna í bænum og lækka verð á vörum og þjónustu.

Árstíðasveiflan er töluverð á svæðinu en um 83% erlendra ferðamanna heimsóttu staðinn á tímabilinu maí til september 2017. Yfir sumarmánuðina þrjá var hlutfallið 58%. Í langflestum tilvika (95%) var tilgangur ferðarinnar frí, ferðamátinn bílaleigubíll og ferðafélagarnir fjölskylda og vinir. Í samanburði við fyrri ár taka fleiri ferðamenn nú ákvörðun um að heimsækja staðinn áður en til landsins er komið og færri ætla einungis að keyra í gegnum hann. Í ljósi þess má ætla að Húsavík sé að verða sterkari ferðamannasegull þó breytingarnar séu ekki stórvægilegar á milli ára.

Niðurstöður könnunarinnar gefa vísbendingu um þróun og stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu á Húsavík á tímabilinu 2013-2018. Varast ber að alhæfa út frá niðurstöðunum þar sem um úrtaksrannsókn er að ræða en engu að síður eru þessar upplýsingar ásamt öðrum gögnum í ferðaþjónustu mikilvægt þúsl í heildarmynd atvinnugreinarinnar á landsvísi. Athugasemdir og óskir ferðamanna sem koma fram í könnuninni auka einnig skilning á þörfum þeirra og upplifun meðan á dvöl stendur og eru mikilvægar fyrir svæðisbundna stefnumótun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.

- Ferðamálastofa. (2014a). *Erlendir ferðamenn á Íslandi sumar 2014*. Reykjavík: Maskína. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/ferdavenjur/konnun-medal-erlendra-ferdamanna-a-islandi-sumarid-2014>
- Ferðamálastofa. (2014b). *Erlendir ferðamenn á Íslandi vetur 2013-2014*. Reykjavík: Maskína. Sótt af <https://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/ferdavenjur/konnun-medal-erlendra-ferdamanna-a-islandi-veturinn-2011-13>
- Ferðamálastofa. (2017). *Áætlaður fjöldi á svæðum og stöðum*. Sótt 16. febrúar 2017 af <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/fjoldi-ferdamanna/aaetladur-fjoldi-asvaedum-og-stodum>
- Mælaborð ferðaþjónustunnar. (e.d.a.). Landamærakönnun ferðamálastofu. *Tegund gistimáta*. Sótt 19. nóvember 2018 af <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/kannanir/landamaerakonnun>.
- Mælaborð ferðaþjónustunnar. (e.d.b.). Nethluti Landamærakönnunar. *Landshlutar & staðir*. Sótt 11. mars 2019 af <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/kannanir/netkonnun>.
- Reichheld, F. F. (2003). The One Number You Need to Grow. *Harvard Business Review*, 81(12), 46-54.
- Rögnvaldur Guðmundsson. (2015). *Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum 2005-2014*. Reykjavík: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar.
- United Nations. (2010a). *International Recommendations for Tourism Statistics 2008*. New York: United Nations.
- United Nations. (2010b). *Tourism Satellite Account: Recommended Methodological Framework 2008*. New York: United Nations.



ÚTGEFIÐ Í ÁGÚST 2019

